

78. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, fjarfundur, miðvikudaginn 13. nóvember 2024 kl. 08:15.

Mætt: Einar Frey Elínarson, Tómas Birgir Magnússon, Æsa Guðrúnardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð.

Tómas Birgir Magnússon formaður setti fund og var gengið til fyrirbyggjandi dagskrár:

- **Nýjar samþykktir Kötlu jarðvangs – seinni umræða**

Breytingarnar fela í sér:

- Í 3. gr. um tilgang er bætt við texta um alþjóðlega viðurkenningu o.fl.
- Í 7. gr. um stjórn er breyting í þá veru að fulltrúar Kirkjubæjarstofu, Kötluseturs og Skógasafns verði áheyrnarfulltrúar (en ekki varamenn), heimild til að stofna fagráð, og greiðslur fyrir fundarsetu og akstur.
- Ný 12. gr. þar sem tekið er fram að hagnaði af starfseminni verði varið til verkefna skv. 3. gr.

Ofantaldar breytingar voru samþykktar samhljóða af stjórn, bæði á 77. fundi 7.11. 2024 og þessum 78. fundi 14.11. 2024.

- **Önnur mál**

Dagsetning stefnumótunarfundar stjórnar. Stefnt að mánudeginum 9. desember 2024.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 08:22.